

12. febrúar 2021

EFNI: Umsögn frá Myndstef vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki, 444. mál.

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki, 444. mál. Myndstef fagnar einföldun regluverks, enda slíkt yfirleitt til bóta, á meðan ekki eru skert réttindi sem eru varin af stjórnarskrá, alþjóðaskuldbindingum sem og öðrum sáttmálum. Í því ljósi fagnar Myndstef því að lagaumgjörð fylgiréttargjalds verði einfölduð og samræmd, eins og þessi lög taka til.

Myndstef setur þó fram nokkrar fram athugasemdir við efni frumvarpsins og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Helst er þar um að ræða athugasemdir varðandi svokölluð frjáls uppboð, og ákall til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að taka ákvæði um fylgiréttargjald til skoðunar, og gera úrbætur ef þarf.

Einkum er um að ræða eftirfarandi kafla og ákvæði í frumvarpinu, er snýr að Myndstefi:

IV. KAFLI - Breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000

V. KAFLI - Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum: 13. gr. 1. másl. 8. mgr. 25. gr. b laganna fellur brott

VI. KAFLI - Brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum. 14. gr.: *Lögin falla brott.*

Myndstef fagnar þeirri einföldun sem brottfelling laga um verslunaratvinnu felur í sér að vissu marki, enda hefur regluverk um fylgirétt hingað til verið að finna bæði í lögum um verslunaratvinnu og höfundalögum. Við teljum að sameining og samræming ákvæða um fylgirétt, uppboð og endursölu, í ein lög, séu á margan hátt bæði gagnsærri og sanngjarnari.

Við teljum þó mikilvægt í því ljósi, að tryggt verði að höfundalög eða önnur lög taki við þar sem út af sleppur og tryggi að höfundar missi engin þau réttindi sem felast í fylgirétti. Það er ófrávíkjanleg sú alþjóðaskuldbinding Íslands að tryggja höfundum og rétthöfum þessi mikilvægu réttindi – fylgirétt. Að fylgiréttur sé innheimtur vegna endursölu listmuna og honum skilað til höfunda og rétthafa af viðurkenndum umsýslustofnunum, hvort sem opinber uppboð fari fram innan starfsstöðvar eður ei, og hvort sem uppboð eru frjáls eður ei. Einnig að reglur séu þar skýrar, sérstaklega hvað varðar innheimtu gjaldsins, tilhögun við skil, tímafrestir og úrræði.

Ég vil í því sambandi skipta athugasemdum okkar í nokkra flokka.

1. Uppboð – fyrsta sala og endursala og verk fallin úr höfundavernd

Hingað til hefur ekki verið greint á milli fyrstu sölu og endursölu listmuna í lögunum hvað varðar uppboð, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Ástæðan er líklega sú að ákvæði um uppboð komu fyrst í lög um verslunaratvinnu, áður en ákvæði um fylgirétt komu í höfundalög, og hefur því misfarist í samræmingu þar um. Hið sama gildir um verndartíma. Þetta er ágætlega útskýrt í greinargerðinni með frumvarpinu, og eðlileg þróun og breyting á gildandi rétti.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir mun breyta þeirri framkvæmd og samræma þessar reglur.

Myndstef viðurkennir að þessar breytingar auki jafnræði og gagnsæi gagnvart endursöluaðilum og eru í samræmi við alþjóðlegan höfundarétt almennt, og gerir því ekki sérstakar athugasemdir við þessar breytingar.

2. Skiladagur skilagreina og greiðslna vegna uppboða

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

“Séu listmunir seldir á uppboði fer um greiðslu fylgiréttargjalds samkvæmt ákvæðum höfundalaga, m.a. um skyldu seljenda, kaupenda og miðlara til að standa á sex mánaða fresti skil á skilagrein til Myndstefs vegna endursölu listmuna, sbr. umfjöllun í kafla 3.5.”

Þetta er ekki rétt, sbr. ákvæði 4. gr. reglugerðar um fylgirétt og uppboð, en þar segir að skilagrein og gjöldum skuli skila 30 dögum eftir að uppboð fór fram:

„Fylgiréttargjaldi og skilagrein skal skila í síðasta lagi 30 dögum eftir að listamunauppboð fór fram, ef um sölu á listmunauppboði er að ræða en ársfjórðungslega ef um endursölu í atvinnskyni er að ræða.“

Það er mikilvægt að við uppboð haldist 30 daga skilafrestur skilagreina. Teldist það afturför ef innheimta og skil vegna uppboða færi einungis fram á 6 mánaða fresti. Bæði greiðir Myndstef höfundum út ársfjórðungslega, og hlýtur það að vera bæði uppboðshöldurum og höfundum til bóta að skil vegna einstakra uppboða dragist ekki um of.

Athuga skal í þessu sambandi að það er ekki hlutverk Myndstefs að ýta eftir endursölu- og uppboðsaðilum að skila fylgirétti, heldur er það lögbundin skylda endursölu- og uppboðsaðila að skila skilagreinum og greiðslu eftir uppboð listmuna í samræmi við þá tímafresti sem koma fram í lögum.

3. Lokað (frjáls) uppboð utan starfsstöðvar

Greinargerðin virðist byggð á þeim skilningi að þar sem sýslumenn hafi ekki gefið út leyfi fyrir lokuðu uppboði utan starfsstöðvar frá árinu 2014, eigi slík uppboð sér ekki stað? Vissulega eru frjáls uppboð orðin sjaldgæfari í tengslum við margar gerðir lausafjármuna. Það á þó ekki við

uppboð vegna listmuna. Frjáls listmunauppboð eiga sér stað hér á landi, af stjórnmalaflokkum, innan Kiwanis klúbba og Lions kúbba, saumaklúbba, á þorablótum, íþróttaviðburðum, afmælissamkomum, starfsmannasamkomum og öðrum viðburðum og stöðum. Þessi uppboð eru yfirleitt stjórnúð af uppboðshöldurum eða öðrum fagaðilum listmunamarkaðarins, og velta oft mörgum milljónum. Bæði er höfundum verka sem eru boðin upp á slíkum uppboðum mikilvægt að geta fengið upplýsingar um áframhaldandi sölu verka sinna og mögulega eigendasögu, sem og þeir eiga lagalegan rétt til fylgiréttargjalds við slíka sölu.

Eflaust er ástæða þess að sýslumaður hefur ekki gefið út slík leyfi sú að uppboðsaðilar sækja ekki um þau, þó þeir eigi að gera það. Uppboðsaðilar hafa kvartað löngum yfir því að allar upplýsingar sem snúa að þessu séu óljósar – engin eyðublöð er að finna hjá sýslumannsembættunum, né leiðbeiningar að fá. Myndstef hefur ítrekað sent kynningarbréf og haft beint samband við sýslumannsembættin, og bent þeim á upplýsingaskyldu sína í þessum efnun.

Hér má finna lista yfir nokkur þeirra listmunauppboða sem haldin hafa verið án tilskyldinna leyfa síðastliðin ár (listinn er ekki tæmandi);

Lionsklúbburinn Njörður – 17. janúar 2020

Uppboðsstjóri: Björn Berg Gunnarsson

Staðsetning: Hótel Saga, Súlnasalur

Íþróttafélagið Gróttta – 18. okt 2019

Uppboðsstjóri: ?

Staðsetning: Félagsheimilið Seltjarnarnesi

Lionsklúbbarnir Ægir og Fjölunir – 1. mars 2019

Uppboðsstjóri: Sigurður Tómasson

Staðsetning: Hótel Saga, Súlnasalur

Lionsklúbburinn Njörður – 11. janúar 2019

Sérstaklega var tekið fram í bæklingi að þetta væri 54. listaverkauppboð klúbbsins

Uppboðsstjóri: Helgi Jóhannesson, hrl.

Staðsetning: Hótel Saga, Súlnasalur

Lionsklúbburinn Njörður – 12. janúar 2018

Uppboðsstjóri: Björn Berg Gunnarsson

Staðsetning: Hótel Saga

Lionsklúbbarnir Ægir og Fjölunir – 3. mars 2017

Uppboðsstjóri: Sigurður Tómasson

Staðsetning: Hótel Saga, Súlnasalur

Vinstri Grænir, VG – 15. október 2016

Uppboðsstjóri: Birna Þórðardóttir

Staðsetning: Iðná

Kiwanisklúbburinn Eldborg – 9. mars 2013
Uppboðsstjóri: Jón Guðmundsson
Staðsetning: Hamarssalur Flensborgarskóla

Þrátt fyrir tilkynningar og innheimtutilraunir Myndstefs var eingöngu greitt fylgiritargjald af einu listaverki á einu ofangreindu uppboði.

Myndstef hefur reynt að hafa upp á uppboðshöldurum og jafnvel sent frá sér aðila til að sitja slík uppboð, þó samtökin eigi ekki að gegna slíku eftirliti. Myndstef hefur einnig fengið margar ábendingar vegna þessa beint frá höfundum, þar sem þeir heyra af sölu verka sinna “út í bæ”, og hafa svo ekki fengið greiddan fylgiritinn og krefja Myndstef um greiðslur. Það er einnig algengt að höfundur fylgist með afdrifum verka sinna, enda er það til bóta og eykur verðgildi verka ef eigendasaga er ljós og hægt sé að rekja beina línu seljenda og kaupenda. Eins er það höfundum í hag að þeir viti hvar verk þeirra er niðurkomið.

Það gæti reynst varhugavert að taka út skyldu uppboðshaldara utan starfsstöðvar að fá leyfi fyrir frjálsum uppboði. Einnig er það samtökunum óljóst hvað nákvæmlega felst í því?

Við teljum að það þurfi að hvíla ríkari skylda á uppboðshaldara listmuna en annarra uppboða. Bæði er um íslenskan menningararf að ræða, sem og þessi uppboð eru undanþegin skatti, og því engin opinber gjöld sem leggjast á uppboðin eða skilast til hins opinbera. Við viljum minna á að endursala listmuna og uppboð þeirra eru óháð virðisaukaskatti, og eru því fylgiritargjöld einu lögbundnu gjöldin sem ber að greiða af uppboðum. Það getur því reynst erfitt að fylgjast með frjálsum uppboðum á listmunum ef skylda um tilkynningu verður tekin úr lögum, og setur Myndstef hér alvarlegar athugasemdir.

Það mætti halda inni skyldu um tilkynningu vegna slíkra uppboða, og ef tilkynning til sýslumanns gengur ekki, gæti Myndstef farið með þessa heimild, svo hægt sé að innheimta, skila og úthluta fylgiriti til höfunda.

4. uppboð í fjáröflunarskyni, eða utan starfsstöðvar

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Uppboð sem haldin eru í öðrum tilgangi, svo sem í fjáröflunar- eða góðgerðarskyni, falla utan gildissviðs ákvæðisins og ekki gerð krafa um greiðslu fylgiritargjalds af slíkum uppboðum sem er í samræmi við efni tilskipunar [2001/84/EB](#).

Myndstef innheimtir fylgirit af allri endursölu, hvort sem hún er talin til fjáröflunar eða ekki, á meðan endursala á sér stað innan skilyrða laga. Þessi framkvæmd hefur verið við lýði hjá Myndstef síðan Myndstef var stofnað. Það gefur auga leið að ef miða á við einhver uppboð til fjáröflunar, en önnur ekki, yrði slíkt erfitt í meðförum - með svo huglægan mælikvarða.

Það er ekkert í tilskipun 2001/84/EB sem útilokar að innheimta og skila fylgirétti vegna allra uppboða. Vissulega þurfa uppþjóðendur að teljast aðilar eða einhvers konar leikmenn listmunamarkaðarins, en eins og sést á upptalningu að ofan, stjórna yfirleitt sérstakir uppboðsstjórar slíkum uppboðum hér á Íslandi, og falla því uppboðin undir skyldu til skila og greiðslu fylgiréttar.

Þetta eru þau ákvæði tilskipunarinnar sem taka á uppboðs- og/eða endursöluaðilum, og hvergi er þar tiltekið að uppboð sem eru haldin í öðrum tilgangi, svo sem í fjáröflunar- eða góðgerðartilgangi, falli utan hennar.

(18) The scope of the resale right should be extended to all acts of resale, with the exception of those effected directly between persons acting in their private capacity without the participation of an art market professional. This right should not extend to acts of resale by persons acting in their private capacity to museums which are not for profit and which are open to the public. With regard to the particular situation of art galleries which acquire works directly from the author, Member States should be allowed the option of exempting from the resale right acts of resale of those works which take place within three years of that acquisition. The interests of the artist should also be taken into account by limiting this exemption to such acts of resale where the resale price does not exceed EUR 10000.

2. The right referred to in paragraph 1 shall apply to all acts of resale involving as sellers, buyers or intermediaries art market professionals, such as salesrooms, art galleries and, in general, any dealers in works of art.

Norrænn höfundaréttur hefur svipaða framkvæmd við uppboð utan starfsstöðva, þ.e.a.s. systursamtök Myndstefs á Norðurlöndum innheimta fylgirétt af uppboðum hvort sem þau eru til góðgerða/fjáröflunnar eða ekki, að öðrum skilyrðum laga uppfylltum. Líklegast eru reglur höfundaréttar og fylgiréttar annarra landa í Evrópu með svipaða framkvæmd.

5. Meint ákall Myndstefs um að starfsemi endursöluaðila og uppboðshalda verði gerð leyfisskyld

Í greinargerðinni með frumvarpinu, kafla 3.5. segir:

„Myndstef, höfundaréttarsamtök höfunda sjónlista, hefur jafnframt kallað eftir skoðun á málefnum fylgiréttar þannig að auka mætti skýrleika og einfalda eftirfylgni með fylgiréttargjaldi. Helstu kröfur Myndstefs eru að sala listmuna sé háð leyfi sem hægt væri að svipta aðila ef ákvæði um fylgiréttargjöld væru brotin og að samræma þyrfti betur refsíákvæði um fylgiréttargjöld í höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu. Stefna ríkisstjórnar um einföldun regluverks leiðir hins vegar til þess að ekki er hér lagt til að sala listmuna verði háð sérstöku leyfi en að öðru leyti heyrir málaflokkur höfundaréttar undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem fer með stefnumótun varðandi innheimtu fylgiréttargjalds.“

Myndstef leggur fullan skilning varðandi þá stefnu stjórnvalda að ekki verði endursala listmuna eða uppboð háð tilteknu leyfi. Við vissulega hörmum þó að beiðni okkar sé ekki tekin til greina að þessu leiti, enda hefur því miður reynst samtökunum erfið sú innheimta og það eftirlit sem þarf að eiga sér stað vegna fylgiréttar.

Það virðist sem lögin séu ekki nægilega skýr eða réttarfarsúrræði séu fá og vanvirk vegna innheimtu og skil fylgiréttar. Þessar lagabreytingar sem hér um ræðir einfalda og skýra vissulega einhverja hluti fylgiréttarins, en ekki aðra, og gætu gert erfiða innheimtu nánast ómögulega. Þeir aðilar sem skila gjaldinu hafa einnig kvartað löngum yfir þessu misræmi, enda er samkeppnin erfið á markaði þar sem sumir skila en aðrir ekki.

Að gera starfsemi uppboðshalda og endursöluaðila listmuna leyfisskylda, hefði vissulega lagfært þetta vandamál að miklu leiti, en Myndstef vonar að Mennta- og menningarmálaráðuneytið geti fundið þarna viðhlítandi lausn, sem bæði höfundar, Myndstef og endursöluaðilar geta unað við.

6. Framkvæmd og eftirfylgni við vanefnd endursöluaðila á að skila skilagrein og greiðslu fylgiréttar til Myndstefs og eftirfylgni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Þessar lagabreytingar sem nú liggja fyrir taka á lítinn hátt til þeirra vandkvæða sem Myndstef og myndlistarmenn standa frammi fyrir varðandi innheimtu og skil fylgiréttar. Þessar greiðslur eiga réttilega og löglega að renna til höfunda, af augljósum ástæðum sem eru einmitt tilteknar í greinargerðinni. Raunin er hins vegar sú að það hefur reynst afskaplega erfitt, kostnaðarsamt og ógagnsætt að innheimta þessi gjöld. Lagaákvæðin eru til staðar, en það er óvíst hvernig beri að túlka þau.

Er áætlun vegna endursölutímabils aðfararhæf? Og er það einungis vegna endursölutímabils en ekki uppboða? Hvaða úrræði hefur Myndstef eða framkvæmdarvaldið til að innheimta þessi gjöld ef þeim er ekki skilað? Hvaða refsingu er unnt að beita?

Þessi atriði, sem og mörg önnur er varðar framkvæmd fylgiréttargjalds, eru óljós, og má í raun segja að innheimta fylgiréttargjald sé stundum aðeins í orði, en ekki í borði. Sem betur fer eru ennþá heiðarlegir aðilar inn á milli sem stunda viðskipti með listmuni og er einfaldlega mikið í mun að skila þessu gjaldi til listamannanna. Hins vegar, og réttilega, finnst þeim afar ósanngjarnt að þeir bolist næstum af markaði við að skila þessu gjaldi, á meðan aðrir, sem ekki skila þessu gjaldi ná jafnvel sterkri stöðu á markaði. Það gæti farið svo að þeir aðilar sem fara eftir lögum hætta að sjá hag sinn í því ef aðrir á markaðinum skila ekki fylgiréttinum.

Það ber að taka hér fram að um mikla hagsmuni getur verið að ræða fyrir myndhöfunda og rétthafa, og fjárhæðir sem oft skipta mörgum milljónum. Þessi markaður eins og hann er í dag er ekki samkeppnishæfur og þarna þarf að vera veruleg breyting á. Það verður að ítreka hér séreðli listmunamarkaðarins og sérkenni hans á móti öðrum lausafjarmunum. Þarna er oft um verulegar fjárhæðir að ræða, mikið persónulegt gildi, hætta á fölsun og skaðsemi mikilla verðmæta og íslensks menningararfs. Það verður að taka til greina þetta séreðli.

Það er ekki síður mikilvægt að koma þessum reglum í framkvæmd vegna endursöluaðilanna, þ.e.a.s. þeirra sem vilja skila gjaldinu og vilja vera í eðlilegri samkeppni við sína samkeppnisaðila.

6. Lokaorð

Við fögnum þessum lagabreytingum að miklu, og vonum að ábendingar okkar varðandi frjáls uppboð verði tekin til greina, og að Mennta- og menningarmálaráðuneytið taki boltann og við þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram.

Virðingarfyllst,



Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur Myndstefs